

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI SBR. 1 MGR. 36 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

Fyrirhugað er að breyta Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, þar sem mótuð er stefna um bátaskýli og bátáaðstöðu við Skorradalsvatn á grundvelli úttekta sem er hjálögð þessari breytingu aðalskipulags. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi skyldi úttektin framkvæmd fyrir árið 2014 og beinast m.a. að útliti, fjarlægð frá vatnsbakka, staðsetningu í landslagi og mögulega öðrum lausnum fyrir bátaeigendur.

Frístundabyggð hefur byggst upp við Skorradalsvatn frá árinu 1960, jafnframt hafa margir lóðarhafar sóst eftir að reisa bátaskýli sem næst vatninu. Landeigendur hafa með mismunandi hætti reynt að mæta þessum óskum og eru bátaskýlin mörg hver nærri vatninu, þ.e. inna 50 m frá grónum bakka, ýmist stök inni á einkalóðum eða nokkur saman í lengjum á sérstökum bátaskýlalóðum. Á fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 11. mars 2014 lagði nefndin til að aðalskipulagsbreyting yrði unnin, er varðar stefnumörkun bátaskýla og að fallið verði frá úttekt á núverandi stöðu bátaskýla. Hreppsnefnd samþykkti þann 29. maí 2014 afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar. Hreppsnefnd samþykkti á fundi sínum þann 25. júní 2014 að kynna og auglýsa lýsingu á stefnumörkun bátaskýla fyrir íbúum og leita umsagnar Skipulagsstofnunar. Í umsögn Skipulagsstofnunar kom meðal annars fram að hugsanlega þurfi að setja stefnu um hvort/hvar eða við hvaða aðstæður bátaskýli eigi hugsanlega ekki við, vegna landslags eða náttúrufars. Á grundvelli umsagnar Skipulagsstofnunar var ákveðið að framkvæma úttekt á núverandi stöðu bátaskýla við Skorradalsvatn og vinna nýja lýsingu breytingar aðalskipulags og í framhaldi tillögu að breytingu aðalskipulags.

Samkvæmt úttekt (Landlínur og skipulagsembætti Skorradalshrepps, 2022). kom í ljós að flotbyggjur, bátabrautir og bátastæði geta hindrað för gangandi fólks meðfram ströndinni. Enn fremur skapast hættu fyrir börn og fullorðna þar sem ægir saman akandi umferð bíla með báta í eftirdrag og börn að leik á ströndinni. Með því að stuðla að uppbyggingu bátaskýlasvæða og bátastæða utan strandarinnar, bátalægi á völdum stöðum meðfram vatninu að teknu tilliti til veðurfars og aðdýpis, ásamt akfærs aðgengis, má gera ráð fyrir því að akandi umferð á ströndinni minnki og öryggi fólks verði bætt.

Fyrir breytingu aðalskipulags voru skilgreind fjögur bátalægi við Skorradalsvatn, eitt í landi Hvamms, Fitja, Indriðastaða og Vatnshorns.

Tillagan tekur til breytingar á texta í greinargerð og skipulagsuppdrætti aðalskipulags. Í meginatriðum varðar breytingin í greinargerð umfjöllun um bátaskýli í kafla 5.3 *Frístundabyggð* og bátalægi í kafla 5.10 *Opin svæði til sérstakra nota*. Skipulagsuppdrætti aðalskipulags er breytt þannig að tvö bátalægi eru skilgreind í landi Grundar, eitt í landi Vatnsenda, eitt í landi

Dagverðarness, eitt í landi Stálpastaða, þrjú í landi Háafells, eitt í landi Fitja og færslu á öðru bátalægi innan lands Fitja, eitt bátalægi í landi Indriðastaða en þar er eitt bátalægi fyrir, tvö í landi Litlu Drageyrar, tvö í landi Stóru Drageyrar og eitt í landi Vatnshoms, en eitt bátalægi er nú þegar skilgreint þar í gildandi aðalskipulagsáætlun.

Breytingar sem gerðar eru á greinargerð aðalskipulags eru eftirfarandi:

Fyrir breytingu:

Meginmarkmið hreppsnefndar (bls. 4)

Hvað varðar öryggismál, æskilegar rannsóknir, jarðrask o.fl. er stefnt að því að

- móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar fyrir 2014.

Fyrir breytingu:

5.10 Opin svæði til sérstakra nota (bls. 95)

Tafla 32. Yfirlit yfir opin svæði til sérstakra nota, staðsetning og eðli

Jörð	Eðli
Fitjar	Leiksvæði tengt frístundabyggð
Fitjar	Menningarrjóður
Grund	Tjaldsvæði / leiksvæði
Háafell	Háafellsreitur / skógur (hverfisvernd)
Hálsar	Golfvöllur
Hvammur	Bátalægi
Indriðastaðir	Golfvöllur / bátalægi
Indriðastaðir /Selskógur	Tjaldsvæði / skógur
Stóra-Drageyri	Tjaldsvæði tengt skátaskála
Stálpastaðir	Stálpastaðaskógur – skógur
Vatnshorn	Bátalægi / skógur

Fyrir breytingu:

5.3 Frístundabyggð

Bátaskýli (bls. 89-90)

Sumarhúsabyggð hefur byggst upp við Skorradalsvatn frá því upp úr 1960. Jafnframt hafa margir lóðarhafar sótt eftir að byggja bátaskýli sem næst vatninu. Landeigendur hafa með mismunandi hætti reynt að mæta þessum óskum og nú eru bátaskýli yfirleitt alveg við vatnið, ýmist stök inni á einkalóðum eða nokkur saman í lengjum á sérstökum bátaskýlalóðum. Engin bátaskýli eru þó í landi Háafells og Stálpastaða og einungis eitt í landi Vatnshorns. Hreppsnefnd telur mikilvægt að leitað verði til fagaðila um úttekt á núverandi stöðu bátaskýla m.a. um útlit, fjarlægðir frá vatni, staðsetningu í landslagi og sjónrænum þáttum. Á grundvelli úttektarinnar verði mótuð stefna um bátaskýli á vatnsbakkanum.

- Stefnt er að því að móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar fyrir 2014. Úttektin beinist m.a. að útliti, fjarlægð frá vatnsbakka, staðsetningu í landslagi og mögulega öðrum lausnum fyrir bátaeigendur.
- Óheimilt er að reisa ný bátaskýli við Skorradalsvatn, innan 100 m frá vatninu þar til fyrir liggur úttekt á núverandi stöðu bátaskýla við vatnið.

Eftir breytingu:

Meginmarkmið hreppsnefndar

Hvað varðar öryggismál, æskilegar rannsóknir, jarðrask o.fl. er stefnt að því að

Textinn: „móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar fyrir 2014.“ er tekin út, þar sem hann á ekki við lengur.

Eftir breytingu (bætt er við töflu, nýr texti er feitiletraður):

5.10 Opin svæði til sérstakra nota (bls. 95)

Tafla 32. Yfirlit yfir opin svæði til sérstakra nota, staðsetning og eðli

Jörð	Eðli
Dagverðarnes	1 bátalægi
Fitjar	Leiksvæði tengt frístundabyggð
Fitjar	Menningarrjóður / 2 bátalægi
Grund	Tjaldsvæði / leiksvæði / 2 bátalægi

Háafell	Háafellsreitur / skógur (hverfisvernd) / 3 bátalægi
Hálsar	Golfvöllur
Hvammur	1 bátalægi
Indriðastaðir	Golfvöllur / 2 bátalægi
Indriðastaðir / Selsskógur	Tjaldsvæði / skógur
Litla-Drageyri	2 bátalægi
Stóra-Drageyri	Tjaldsvæði tengt skátaskála / 2 bátalægi
Stálpastaðir	Stálpastaðaskógur – skógur / 1 bátalægi
Vatnsendi	2 bátalægi
Vatnshorn	1 bátalægi / skógur

Bátalægi

Bátalægi eru staðsett á 19 stöðum umhverfis Skorradalsvatn sbr. töflu 32 og aðalskipulagsupprætti. Þau eru staðsett í tengslum við frístundabyggðir og/eða skóga. Bátalægi er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Bátalægi er staður þar sem heimilt er að byggja upp bátaaðstöðu. Aðstaðan getur falið í sér flotbyggju, bátabraut út í vatn sem notuð er til að setja bát á flot og bátastæði. Bátastæði er staður til að geyma báta á landi um ákveðin tíma, bátastæði skal vera staðsett ofan strandsvæðis/fjöru Skorradalsvatns, þ.e á grónum bakka. Tryggja þarf að flotbyggjur og bátabrautir hindri ekki för gangandi fólks meðfram ströndinni sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Tryggja þarf aðgengi ökutækja að bátalægjum og þá þannig að ekki sé þörf á að keyra eftir ströndinni til að komast að bátabrautunum. Uppbygging og umfang bátalægja skal taka tillit til landslags og umhverfis. Bátaaðstaða, þ.e. flotbyggja, bátabraut og bátastæði, skulu skilgreind í deiliskipulagsáætlun. Sækja skal um framkvæmdaleyfi á grundvelli deiliskipulags þegar til uppbyggingar kemur.

Á Vatnshorni er friðlýstur birkiskógur. Við uppbyggingu nýs bátalægis á Vatnshorni skal gæta þess að jarðraski sé haldið í lágmarki. Framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, Skógræktarinnar og Skorradalshrepps sbr. 6. gr. um friðland í Vatnshornsskógi í Skorradal sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 164/2009. Skilgreining bátalægis á Vatnshorni og á öðrum jörðum, sem vaxinn er skógum, getur stuðlað að bættu aðgengi bátafólks að skógi frá vatni og þar af leiðandi auknið nýtingu skóganna til útivistar. Á Fitjum er friðlýst votlendissvæði Fitjaár sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 688/2021 um friðland við Fitjaá í Skorradal. Við

uppbyggingu nýs bátalægis á Fitjum skal gæta þess að verndargildi votlendissvæðisins raskist ekki.

Eftir breytingu

5.3 Frístundabyggð

Bátaskýli

Kafli er tekinn út í heild sinni, þar sem hann á ekki lengur við. Nýr kafli, *Bátaskýli og önnur bátaaðstaða við Skorradalsvatn* kemur í staðinn.

Bátaskýli og önnur bátaaðstaða við Skorradalsvatn

Uppbygging bátaskýla skal eiga sér stað innan skilgreindra frístundabyggða og að lágmarki 50 m frá grónum bakka Skorradalsvatns sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, annað hvort stök innan frístundalóða þar sem það er leyft skv. deiliskipulagi eða á sérstökum bátaskýlasvæðum.

Við val á bátaskýlasvæðum skal taka mið að aðgengi svæðanna frá Skorradalsvegi (508), Dragavegi (520) eða Fellsvegi (5094) og niður á strönd Skorradalsvatns. Einnig skal taka tillit til umhverfisins, þ.e. gróðurfars, dýralífs, menningarminja, landslags og umhverfis þegar staður er valinn fyrir bátaskýlasvæði. Leggja skal fram deiliskipulagsáætlanir fyrir bátaskýlasvæði. Á bátaskýlasvæðum skal vera skilgreind bátastæði þar sem bátaeigendur geta lagt bátum sínum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins á grundvelli gildandi deiliskipulags fyrir lagningu vega og bátastæða. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir bátaskýlum.

Á þeim deiliskipulagsáætlunum sem veita heimild til að byggja bátaskýli á frístundalóðum skal útlit þeirra vera í samræmi við frístundahús á hverri lóð, til að stuðla að samræmdu heildaryfirbragði innan hverjar lóðar. Bátaskýli skal rúmast innan heimilaðs heildar byggingarmagns lóðar ~~og hámarksstærð þess má vera allt að 35 m².~~

Á sérstökum bátaskýlasvæðum skal útlit bátaskýla vera samræmt og byggingarskilmálar þess efnis lagðar fram í deiliskipulagsáætlun. Æskilegt er að stuðla að samræmdu heildaryfirbragði bátaskýla með því að samræma liti, byggingarefni, þakform- og þakhalla. Hámarksstærð stakstæðra bátaskýla má vera allt að 35 m². Heimilt er að byggja sambýli bátaskýla, þ.e. nokkur bátaskýli undir sama þaki. Heildar stærð sambýlis bátaskýlis má vera á bilinu 42-105 m². Hver bátaskýlaeining í sambýli skal vera á bilinu 20-35 m².

TENGLS BREYTINGARINNAR VIÐ AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

Landsskipulagsstefna

Í Landskipulagsstefnu segir: „Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum“

Enn fremur kemur fram í Landskipulagsstefnu að: „Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar.“

Stefnumörkun fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags tekur tilliti til landslags, staðháttar og byggingarhefða. Hún tryggir notendum þeirra möguleika til öruggrar útivistar og gætir þess að raska ekki viðkvæmri strönd Skorradalsvatns.

Aðalskipulag

Í aðalskipulagi Skorradalshrepps kemur fram að: „Stefnt er að því að móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar fyrir 2014. Úttektin beinist m.a. að útliti, fjarlægð frá vatnsbakka, staðsetningu í landslagi og mögulega öðrum lausnum fyrir bátaeigendur.“ Enn fremur kemur fram að: „Óheimilt er að reisa ný bátaskýli við Skorradalsvatn, innan 100 m frá vatninu þar til fyrir liggur úttekt á núverandi stöðu bátaskýla við vatnið“

Stefnumörkun fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags felur í sér að móta stefnu um bátaskýli og bátastæði við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar sem er hjálögð með þessari tillögu.

FORSENDUR OG RÖKSTUÐNINGUR FYRIR BREYTINGARTILLÖGU

Markmið þessarar nýju stefnu er að mótaframtíðarsýn um bátaskýli og bátastæði við Skorradalsvatn. Nauðsynlegt er að tiltæk sé stefna um framtíðar uppbyggingu bátaskýla og bátastæði við Skorradalsvatn, ekki síst í ljósi þess að lóðarhafar frístundalóða hafa óskað eftir heimild sveitarfélagsins um að fá að reisa ný skýli við vatnið. Mikill áhugi er fyrir siglingum á Skorradalsvatni. Stök bátaskýli og nokkur saman í lengjum hafa þar af leiðandi verið reist við vatnið. Einnig eru dæmi um að bátaskýli hafa verið reist innan frístundalóða. Bátastæðir hafa enn fremur víða útbúið aðstöðu fyrir báta sína eins og til að mynda bátabrautir, flottbyggjur og bátastæði. Slík uppbygging hefur ekki verið gerð með samþykki sveitarfélagsins. Á nokkrum stöðum meðfram ströndinni hefur uppbygging bátastæði hindrað för gangandi fólks. Enn fremur skapast hættu fyrir börn og fullorðna þar sem ægir saman akandi umferð bíla með báta

í eftirdragi og börn að leik. Með því að stuðla að uppbyggingu bátaskýlasvæða og bátastöðu á völdum stöðum meðfram vatninu, má gera ráð fyrir því að akandi umferð á ströndinni minnki.

FORNLEIFAR

Rétt utan við Hvítalettsgil er kofarúst í landi Fitjar (Birna Lárusdóttir o.fl., 2019), engar fornleifar sjást á yfirborði en á svæðinu hafa verið reist átta bátaskýli, við hlið hvors annars.

Bátaskýlin í landi Fitjar eru þau einu sem er vitað um sem hafa verið staðsett í nálægð fornleifa. Lítið er um fornleifar við vatnsbakkann, þar sem frístundabyggð er skilgreind.

Commented [VP1]: Heimild

Commented [SÁ2]: Hér vantar mynd

ÁHRIF BREYTINGAR Á SAMFÉLAG OG UMHVERFI

Uppbygging bátalægis á völdum stöðum hefur jákvæð áhrif á strandlífið þar sem aðgengi að vatninu verður tryggt og uppbygging sameiginlegrar bátastöðu verður markviss.

Ásýnd strandarinnar mun breytast á jákvæðan hátt með uppbyggingu sérstakra bátaskýlasvæða. Geymsla báta færir frá ströndinni og inn á gróinn bakka. Uppbygging bátaskýla utan strandarinnar mun einnig hafa jákvæð áhrif á strandlífið, aðgengi að bátaskýlum verður betra og aðstæður til athafna verða betri. Aðgengi fólks að og meðfram vatninu batnar að sama skapi. Fækkun á bátaskýlum og bátastæðum við vatnið mun hafa jákvæð áhrif á gróðurinn við vatnsbakka, þar sem minni ágangur verður á þeim svæðum, en borið hefur á töluverðum skaða á gróðri við færslu báta á ströndinni. Á bátaskýlasvæðum má gera ráð fyrir töluverðri akandi umferð og þá sérstaklega á góðviðris dögum. Því má gera ráð fyrir nokkurri truflun af þeim sökum í næsta nágrenni. Talið er að breytingin hafi ekki áhrif á menningarminjar eða jarðminjar.

SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing breytingar á Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 fyrir stefnumörkun um bátaskýli og bátastöðu við Skorradalsvatn, var tekin fyrir á fundi hreppsnefndar þann 27. maí 2022. Leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Minjastofnunar Íslands, Skógræktarinnar, Veiðifélags Skorradalsvatns og Umhverfisstofnunar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lýsingar breytingar aðalskipulags. Lýsing breytingartillögu

var kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum 2. ágúst 2022 með opnum degi. Lýsing breytingartillögu var auglýst með áberandi hætti og var hún jafnframt gerð aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu Skorradalshrepps, lýsingin var auglýst frá 11. júlí til og með 5. ágúst 2022. Umsagnir bárust frá öllum umsagnaraðilum, umsagnir kölluðu ekki á viðbrögð að undanskildum umsögnum Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar. Á auglýsingartíma barst ein ábending og hefur verið brugðist við henni. Haft var samráð við landeigendur jarðanna þegar úttekt á bátaskýlum var gerð.

Aðalskipulagsbreytingin verður [uri tekin til afgreiðslu hreppsnefndar og samþykkt til auglýsingar í október 2023 og einnig lögð fram og kynnt íbúum, félögum frístundabyggða umhverfis Skorradalsvatn](#) og aðliggjandi sveitarfélögum. [Óskað verði eftir umsögnum Vegagerðarinnar, Minjastofnunar Íslands, Skógræktarinnar, Veiðifélags Skorradalsvatns, Umhverfisstofnunar frá og félaðgæm frístundabyggðanna í október 2023. Gera má ráð fyrir að tillagan verði tekin til afgreiðslu hreppsnefndar og samþykkt til auglýsingar í desember 2023.](#) Að lokinni umfjöllun hreppsnefndar skal senda tillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna verður tillagan auglýst sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Reikna má með að tillagan verði auglýst í byrjun árs 2024.

HEIMILDASKRÁ

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. (2019). Aðalskráning Fornminja í Skorradal. Fornleifastofnun Íslands. https://skyrslur.minjastofnun.is/Verkefni_2450.pdf

Landlínur og skipulagsembætti Skorradalshrepps. (2022). *Úttekt á bátaskýlum við Skorradalsvatn*. Skorradalur. https://skorradalur.is/wp-content/uploads/2022/07/a1220-Bataskyli_Uttekt.pdf

SAMÞYKKT OG STAÐFESTING